Reykjavík, 29. október 2026
FAS26100011

Borgarráð

Tillaga um lántökur 2027

Lagt er til að borgarstjórn samþykki hreinar langtímalántökur á árinu 2027 að fjárhæð 16.000 m.kr. til að fjármagna fyrirhugaðar fjárfestingar ársins, stofnframlög borgarinnar vegna byggingar og kaupa á almennum íbúðum og stofnframlög til B-hluta fyrirtækja og hlutdeildarfélaga.

Jafnframt er lagt til að borgarstjórn samþykki skammtímalántökur að fjárhæð 2.500 m.kr. til að endurfjármagna skuldabréfaflokk sem er á lokagjalddaga á árinu 2027.

Með hliðsjón af lánastýringu er enn fremur lagt til að borgarstjórn samþykki að vergar lántökur geti numið hærri fjárhæð en 18.500 m.kr., enda verði umframlántaka nýtt til uppkaupa á útistandandi skuldabréfaflokkum og/eða endurgreiðslu lána frá viðskiptabönkum.

Loks er lagt til að veita sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs umboð fyrir hönd Reykjavíkurborgar til þess að undirrita nauðsynlega fjármálagerninga sem tengjast lántökum borgarsjóðs, sem og til þess að taka á móti og undirrita, gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast lántökum þessum, enda verði einstakar lántökur lagðar fyrir borgarráð til afgreiðslu.

Greinargerð:

Gert er ráð fyrir að lántakan sé nýtt til að fjármagna fjárfestingar, stofnframlög borgarinnar óhagnaðardrifinna félaga vegna bygginga og kaupa á almennum íbúðum skv. lögum nr. 52/2016 og stofnframlög til B-hluta fyrirtækja og hlutdeildarfélaga.

Gert er ráð fyrir að lántakan verði m.a. með útgáfu í eftirtöldum skuldabréfaflokkum borgarsjóðs:

a. RVKN 35 1 sem er millilangur óverðtryggður skuldabréfaflokkur.
b. RVKNG 40 1 sem er óverðtryggður grænn skuldabréfaflokkur.
c. RVK 44 1 sem er langur verðtryggður skuldabréfaflokkur
d. RVKG 48 1 sem er langur verðtryggður grænn skuldabréfaflokkur
e. RVK 53 1 sem er langur verðtryggður skuldabréfaflokkur.

Ofangreindir skuldabréfaflokkar Reykjavíkurborgar eru skráðir í kauphöll en auk þeirra eru RVKN 27 1 sem er á lokagjalddaga árið 2027 og verðtryggði skuldabréfaflokkurinn RVK 32 1 skráðir.

Á árinu 2024 var samið við Þróunarbanka Evrópuráðsins (CEB) um 100 milljón evra fjármögnun vegna sérstaks viðhaldsverkefnis í grunnskólum og leikskólum. Þegar hefur verið dregið á lánssamninginn að fjárhæð 35 milljónir evra og gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningar gerðir fyrir sömu fjárhæð. Gert er ráð fyrir að draga á lánið í samræmi við framgang verkefnisins og markaðsaðstæður á árinu 2027 og yrði sú lántaka hluti af lántökuáætlun ársins.

Jafnframt kemur til álita að fjármögnun ársins verði með útgáfum á nýjum skuldabréfaflokkum, beinni lántöku eða með öðrum hætti með hliðsjón af markaðsaðstæðum.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri

Reykjavík